


Kristur er í fókus. Í síðustu viku trommuðu breskir vísindamenn upp með nýtt lúkk á karlinn sem **eyðilagði** allar altaristöflur landsins. Þær einar sluppu sem voru illa gerðar fyrir eða svo listrænar að enginn vissi yfir höfuð hvað var að gerast á myndinni.
Kristur er líka sá besti til að **lífga** upp á almanakið. Allt sem hann gerði hittir í mark í kristnum nútímanum þótt hann hafi ekki verið jafn **vinsæll** þegar hann lifði.
Það er eiginlega alveg sama hvað hann tók sér fyrir hendur, allt kemur það okkur til góða í dag. Hann fæddist og við fáum **jól**, hann reið á asna á pálmablöðum og við fáum þennan fína **pálmasunnudag** (sem er vel að merkja ekki kenndur við Pálma Matthíasson). Ekki líður á löngu þar til Kristur fær sér að borða, deyr og rís upp aftur og þá fáum við heila **páskahátíð** til að nærast á safaríkum steikum.
Við upphaf föstunnar fáum við **rjómabollur** og **saltkjöt** og á föstunni borðum við svo nákvæmlega það sem okkur dettur í hug.
Kristur – gerir lífið skemmtilegra.



Tepruskapur er úr fókus. Með nokkuð jöfnu millibili rýkur lítill en meðvitaður hluti landsmanna upp til handa og fóta vegna myndbirtinga eða fréttaflutnings. Þetta fólk afneitar stórum hluta heimsins og vill að aðrir taki þátt í **blekkingunni** með því. Meðvitaða fólkið vill eflaust setja það í lög að speglar á sundstöðum séu aldrei fyrir neðan mittishæð svo það þurfi ekki að horfast í augu við óæðri hluta líkama síns sem vel að merkja **stendur** fyrir vexti og viðgangi mannkynsins.
Meðvitaða fólkið vill helst takmarka heimssýn allra við þá mynd sem birtist í fallegum **ímyndarauglýsingum** í sjónvarpinu. Þannig er fólki talin trú um að það vilji lifa en það er stóri misskilningurinn. Það er engin tilviljun að fólk hættir að hlusta á **Dýrin í Hálsaskógi**. Þetta er bara svo helvíti leiðinlegt.
Við skulum bara horfa framan í heiminn eins og hann er og ef við erum eitthvað ósátt við hann þá er bara að breyta honum. Heiminum verður hins vegar ekki breytt með því að líma yfir **typpi** á auglýsingum eða birta ekki viðkvæmar fréttir og fréttamyndir.

Níu ungmenni á Akureyri hafa sett upp hina umdeildu vefsíðu **theperma.net**. Síðan, sem fjallar um akureyrskt djamm- og menningarlíf, hefur valdið miklu fjaðrafoki og vefsmiðirnir hafa verið sakaðir um að vera að stuðla að drykkju ungmenna og fleiri dauðasyndir. **Þórunn Þorleifsdóttir** hafði uppi á **Ragnari Frey Pálssyni**, stofnanda síðunnar, og fékk hann til að svara fyrir sig.

Djammið er kynlíf

„Síðasta haust fór ég að mynda vini og kunningja í partíum með stafrænni myndavél og setti svo upp síðu þar sem félagarnir gátu skoðað myndirnar. Til að byrja með var ég einn með síðuna og skrifaði vikulega pistla, sýndi myndir og fleira bull. Svo fór ég að fá póst frá einhverju fólki sem sagðist skoða síðuna reglulega. Þetta vatt upp á sig og ég var farinn að fjalla meira og meira um djammlíf Akureyrar í máli og myndum. Ég lokaði síðunni í desember vegna atviks sem kom upp milli mín og ónafngreinds skemmtistaðar. Ég fékk til liðs við mig þá Daða og Hjalta forritara og saman sáum við um útlit, hugmyndavinnu og forritun fyrir nýja djammsíðu. Pungsveittir unnum við þrír að nýju síðunni milli jóla og nýárs og opnuðum hana 22. janúar 2001. Við bjuggumst aldrei við því að síðan yrði svona vinsæl en um 5 þúsund manns heimsækja theperma í hverri viku og nú erum við níu talsins sem vinnum að henni," segir Ragnar Freyr.



Lögreglan virðist líka vera með áhyggjur og hefur tvívegis talað um okkur í fjölmiðlum. Við viljum bara þakka henni kærlega fyrir því betri auglýsingu gátum við varla fengið.

Menntaskólahúmor og –hroki

Daði Ármannsson og **Hjalti Jakobsson** eru forritarar, **Helen Simm, Njáll Björgvinsson, Anna Guðbrandsdóttir, Jón Hjörleifur** og **Fjölnir Guðmannsson** eru pistlahöfundar og **Auðunn Níelsson** er ljósmyndari. Þau, ásamt Ragnari Frey, mynda **theperma-crewið**. Þau eru öll í kringum tvítugt og flest Akureyringar í húð og hár. Síðan þeirra fjallar ekki bara um djammið heldur má þar finna tónlistar- og kvikmyndagagnrýni, getraunir, linka og ýmislegt fleira. „Vefsíðan er laus við öll formlegheit og þar ræður menntaskólahúmorinn ríkjum. Þó hópurinn á síðunni sé þröngur reynum við að fara víða með efnið og gera þetta sem skemmtilegast fyrir notandann." Allt efnið sem er að finna á síðunni er komið frá meðlimum theperma.net sem vinna þetta launalaust. „Ég ákvað að engin gróðastarfsemi skyldi tengjast nýju vefsíðunni. Við gerum skiptisamninga við fyrirtæki þannig að þau fá auglýsingu og við fáum eitthvað til að gefa, til dæmis í getraunaleikjum. Þannig verður síðan skemmtilegri, við fáum fleiri heimsóknir og meira umtal."

Lögreglan með auglýsingastarfsemi

Ragnar segir að þó vefsíðan sé aðallega um akureyrskt djammlíf þá skoði fólk hana úti um allt land. „Við fáum ekki enn að ríða út á þetta en vonandi mun þetta viðtal breyta því," segir Ragnar og hlær. En síðan er líka mjög umdeild og hafa vefsmiðirnir verið gagnrýndir fyrir að stuðla að drykkju ungmenna. „Unga kynslóðin fílar síðuna en sú eldri virðist ekki vera eins ánægð. Nýlega birtist grein í Degi um hve mannskemmandi netsíður af þessu tagi eru. Lögreglan virðist líka vera með áhyggjur og hefur tvívegis talað um okkur í fjölmiðlum. Við viljum bara þakka henni kærlega fyrir því betri auglýsingu gátum við varla fengið. Heimsóknirnar jukust töluvert eftir þessa umfjöllun," bætir hann við. „Við höfum talað við lögfræðinga sem voru á einu máli um að á síðunni væri ekkert sem ætti að valda okkur vandkvæðum. Fólk hefur sagt að við séum að stuðla að unglingadrykkju en það mætti frekar segja að við séum frumkvöðlar í að sýna ástandið sem unglingar eru í um helgar. Það erum ekki við sem búum vandann til, hann er til staðar þó við tökum ekki myndir af því." Ragnar segir það sjaldgæft að theperma.net hafi gert einhvern skandal. „Við eigum myndir og efni sem gæti valdið miklu hneyksli ef það yrði birt, til dæmis myndir af þekktum einstaklingum, fjölmiðlafólki, þingmönnum og litlum stelpum. En við vitum hvað við eigum að birta og hvað ekki þannig að fátt hefur verið um stóra skandala," segir hann.

Ef þið birtið mynd af Svölu Björgvins, ölvaðri og í sleik, og hún vildi að myndin yrði tekin út, mynduð þið verða við ósk hennar?

„Ef við birtum mynd af Svölu blindfullri að telja tennurnar í einhverjum strák þá yrði hún tafarlaust tekin út ef Svala bæði um það. Fólk einfaldlega hringir eða skrifar tölvupóst ef það er ósátt við eitthvað. En ef fólk getur látið eins og fífl á opinberum skemmtistöðum, af hverju má þá ekki hafa mynd af því á einhverri vefsíðu? Þegar það er orðið edrú getur það ekki horfst í augu við það sem gerðist. En menn eru almennt kurteisir þegar þeir tala við okkur og við reynum að vera kurteis til baka og virða skoðanir þeirra."

Hop frá grámyglu hversdagsins

Vefsíðan er í stöðugri vinnslu og Ragnar segir að búast megi við nýjungum á næstunni. „Við höfum gert samning við **Erotica Shop** og munum við sjálfsagt gera eitthvað skemmtilegt úr því. Einnig höfum við byrjað að plotta gagnvirka framhaldsteiknimyndasögu þar sem notendur ráða sjálfir söguþræðinum. Við ætlum að hanga meira úti á götu þegar sumra fer og spyrja gangandi fólk spjörunum úr. Einnig erum við að prófa okkur áfram með að setja videomyndir inn á vefinn. Við ætlum að leita uppi ungt hæfileikafólk á Akureyri og forvitnast um það og jafnvel birta eitthvað tengt því og fleira. Einnig ætlum við að halda fleiri permapartí. Þetta er svona í meginatriðum það sem er á döfinni hjá okkur en það er alltaf pláss fyrir fleiri hugmyndir."

Af hverju haldið þið að djammið veki alltaf jafnmikla athygli?

„Djammið er skemmtilegt og hop frá grámyglu hversdagslífsins. Djammið er stelpur, djammið er strákar. Djammið er andlitsfarði. Djammið er ölvun, vinir, tónlist, trúnó, skandalar og síðast en ekki síst: djammið er kynlíf."

hverjir voru hvar

Á **Næsta bar** á fimmtudagskvöldið í síðustu viku sást til þeirra **Grétars Mars Jónssonar** og **Egils Ólafssonar** og seinna um kvöldið skundaði inn hópur alþingismanna sem hvíldu sig eftir erfiða törn. Stærsta nafnið þar var auðvitað **Ísólfur Gylfi Pálmason** en hina tekur ekki einu sinni að nefna.



Það var nóg af fólki á frumsýningunni á gamanleiknum **Fífl í hófi** í **Íslensku óperunni** síðastliðið föstudagskvöld. Þar mátti að sjálfsögðu sjá framleiðendurna **Baltasar Kormák** og konu hans **Lilju Pálmadóttur**, og þá voru foreldrar Balta, **Baltasar** eldri og **Kristjana** á svæðinu, **Hallgrímur Helgason** mætti með **Hallgerði** dóttur sína, **Þorfinnur Ómarsson** tók líka fjölskylduna með, **Snæfríður Ingadóttir**, fréttakona af SkjáEinum, **Jón Ásgeir Jóhannesson** Bónusmaður, **Pálína Jónsdóttir** leikkona, **Magnús Geir Þórðarson**, leikhússtjóri í Iðnó, **Harpa Magnadóttir**, eiginkona Baldurs Trausta Hreinssonar, og **Ingvar Þórðarson** athafnamaður. **Skuggabarinn** var fullur af fallegu fólki um síðustu helgi þegar World Class hélt árshátíð sína þar. **Björn Leifs** boss leiddi að sjálfsögðu hópinn en annars sást í fólk eins og nýkrýnda ungfrú Ísland.is, **Kolbrúnu, Bigga** tenór, **Hólmgeir Baldursson, Jón Kára, Vidda** sem sást alltaf á Glaumbar, **Elínu** Oasis, **Lovísu Guðmundsdóttur** Playboy sem dansaði mikið, **Raul** einkaþjálfara og **Simba** og **Jónas** klippara sem mættu með **Svavari Erni** sem var með kladdann á lofti. **Bjarni Bragi** hljóðmaður lét sig ekki vanta, **Jón Arnar Magnússon** tugþrautarmaður tók sér frí frá æfingum, **Christine** frá Allied Domec, **Addú** sem var á SkjáEinum ásamt **Erlu** r&b, **Sóley** plötusnúður þaut um allt gólfið þannig að það hvein í, **Hannes**, markaðsmaður frá SkjáEinum, **Hanna** frá Sól-Víkingi, **Sigríður Beinteinsdóttir** söngkona, **Dabbi diskó** og **Maríkó Margrét** og vinkonur hennar voru vægast sagt villtar á gólfinu og leiddist strákunum það ekkert rosalega.







Á **Rex** sást í þá **Sverri Rafnsson** Rósenberg-mann, **Jón Ólafsson** tónlistarmann, **Jakob Frímann Magnússon** tónlistarmann og **Ásgeir Sigurvinsson**, fyrrum knattspyrnumann.
Á **Astro** sást í fólk eins og **Siggu Beinteins** og vinkonur hennar, **Magga Bess, Sigga** úr Betrunarhúsinu, **Elínu** og **Maríu** FM sem voru á gólfinu og **Önnu Sigurðar** eróbikkgellu. **Lóa** Oasis skemmti sér vel með **Gunnu** og **Hönnu** frá Íslensk Ameríska, **Katrín** Bigfoot var með stuðið á hreinu, **Árni** Mágus, **Einar Ágúst Víðisson** Skítamóral, **Siggi** Zoom, **Sævar Pétursson** skemmti sér án Lindu systur og atvinnuveitanda hans, **Árni Snævarr** fréttamaður var nýkominn af Kreml-fundi, **Júlli Kemp** kvikmyndamaður, **Friðrik Stefánsson** kom alla leið úr íþróttahúsinu í Njarðvík, **Guðjón OZ**-maður lét sig ekki vanta og **Hrafnhildur Hafsteins** og **Ásta** kona Magnúsar Ver voru góðar saman. **Pétur Ottesen** lét stórkarlalega, **Gunna Dís** FM957, **Sistó, Bjartmar** dansari, **Sigmar Guðmundsson** fréttamaður sleppti rokkaragallanum og skrensaði í r&b, **Stebbi** úr Djúpu lauginni, **Pétur Blöndal** alþingismaður var með eldri mönnum á svæðinu, **Gunnar Ólason** sýndi lúkkið sem á að sannfæra Evrópu í söngkeppninni frægu og Haukastelpurnar **Harpa Melsted** og **Guðný Agla** voru góðar (er ekki úrslitakeppni í gangi?). **Jón Ólafsson** tónlistarmaður lét óvænt sjá sig, **Þór Jóseps** var ekki langt undan, **Magnús Ármann, Áki Pain** og **Jón Gunnar Geirdal** skemmtu sér saman, **Eva Sólan** sást í námunda við þær **Díönu Dúu** og **Birtu Björns** auk **Örnu** Playboy. **Hanni** úr Skímó var mættur og **Þór Bæring** með **Huldu** konunni sinni, **Sigurður Kári** SUS-ari lagði á ráðin um byltingu og í nágrenninu var útvarpsmaðurinn **Rúnar Róberts**, á næsta borði sat svo **Halli Hansen** og með honum **Heiðar Austmann** af FM957. **Svavar** og **Simbi** klipparar voru góðir saman og **Gummi Jóns** úr Sálinni stimplaði sig inn sem fastagestur.



